Nr. 30.
22.
október.

# Lög
um
# vörutoll.

**Vjer Christian hinn Tíundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til Íslands og ekki eru sendar í pósti, skal greiða gjald í landssjóð eftir þyngd vörunnar með umbúðum eða eftir rúmmáli, svo sem hjer segir:

1. Af kornvörum, jarðeplum, steinolíu, sementi og kalki og tjöru, 10 aura af hverjum 50 kílógr.
2. Af heyi, gluggagleri, tómum tunnum, gaddavír, girðingarstólpum úr járni, þakjárni, smíðajárni og stáli 25 aura af hverjum 50 kílógr.
3. Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði og tvinna 3 kr. af hverjum 50 kílógr.
4. Af salti og kolum, hvers konar sem eru, og hvort sem varan er flutt í land eða lögð til geymslu í skipum úti eða öðrum geymslurúmum á floti í landhelgi, eða flutt á höfnum inni eða vogum yfir í önnur skip þeim til notkunar:
   a. af salti 50 aura af hverri smálest,
   b. af kolum 1 kr. af hverri smálest.
5. Af trjávið, hurðum, gluggum, húsalistum og tunnustöfum 3 aura af hverju teningsfeti.
6. Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 1 kr. af hverjum 50 kílógr.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem sjerstaklega er lagður tollur á, prentaðar bækur og blöð, skip og bátar, tígulsteinar, óhreinsað járn í klumpum, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, og vanalegur farangur ferðmanna.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept.

2. gr.

Greiða skal og í landssjóð 15 aura af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins.

Gjald þetta greiðir viðtakandi í frímerkjum um leið og hann tekur við bögglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á böggulinn sjálfan, og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstbögglum, sem eru endursendir til útlanda, skal ekkert gjald greiða, nje af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Vörutollinn skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, nema hún samkvæmt farmskrá skipsins eigi að halda áfram með sama eða

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov af 18de September 1891.

# Lov

om

# Varetold.

Nr. 30.
22.
Oktober.

**Vi Christian den Tiende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af Varer, Postforsendelser undtagne, som indføres til Island, erlægges følgende Afgifter til Landskassen, beregnede efter Varernes Vægt, indbefattet Emballage, eller efter Rumfang:

1. Af Kornvarer, Kartofler, Petroleum, Cement, Kalk og Tjære 10 Øre pr. 50 Kilogram.
2. Af Hø, Vinduesglas, tomme Tønder, Pigtraad, Hegnstolper af Jærn, Bølgeblik, Smedejærn og Staal 25 Øre pr. 50 Kilogram.
3. Af al Slags Tekstilvarer, Beklædningsgenstande og Traad 3 Kroner pr. 50 Kilogram.
4. Af al Slags Salt og Kul, hvad enten Varerne bringes i Land eller henlægges til Opbevaring i Skibe eller andre flydende Opbevaringsrum paa Søterritoriet eller omskibes inde paa Havne og Fjorde over i andre Skibe til Forbrug paa dem:
   a. af Salt 50 Øre pr. Ton,
   b. af Kul 1 Krone pr. Ton.
5. Af Trælast, Døre, Vinduer, Beklædningslister og Tøndestave 3 Øre pr. Kubikfod.
6. Af alle andre afgiftspligtige Varer 1 Krone pr. 50 Kilogram.

Fritagne for denne Afgift ere Varer, paa hvilke der er lagt en særlig Told, trykte Bøger og Aviser, Skibe og Baade, Tegl- og Murstene, Raajærn i Klumper, Bohave tilhørende Personer, der kommer for at tage Bopæl i Landet, samt sædvanlig Passagergods.

Brøkdele af en Toldenhed, som udgør ½ eller mere, regnes som en hel Toldenhed, medens mindre Brøkdele bortfalder.

§ 2.

Endvidere erlægges der en Afgift af 15 Øre til Landskassen af hver Postpakke, som kommer til Landet.

Afgiften betales af Adressaten ved Modtagelsen af Pakken i Frimærker, der paaklæbes selve Pakken og stemples paa sædvanlig Maade af det Posthus, der udleverer Pakken.

Af Postpakker, som returneres til Udlandet, saavel som af trykte Bøger og Aviser erlægges ingen Afgift.

§ 3.

Varetolden betales til Politimesteren i den Jurisdiktion, hvor Varerne udlosses, medmindre disse ifølge Skibets Manifest ere bestemte til at føres videre med samme eller

Nr. 30. 22. október. öðru skipi til annarar hafnar innanlands, og að því er lausakaupmenn snertir, þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum. Gjald þetta greiðist með peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða aðrar peningastofnanir eða áreiðanleg verslunarhús, ef nægileg skilríki, þau er innheimtumaður tekur gild á sína ábyrgð, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Vörutoll skal ákveða eftir farmskrá skipsins, eða farmskírteini.

4. gr.

Hinar gjaldskyldu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi, fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð skipstjóra upp á æru og samvisku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskyldar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá, að ætlaðar sjeu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyslu á því. Sje uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum þessarar greinar, verður skipstjóri sekur um alt að 1000 kr.

5. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskyldar vörur fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum, alt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. Hafi vörur verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hafi fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, eða í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði hann þá gjaldið um leið, ef það er eigi þegar greitt. Vörutollurinn fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

6. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samviskuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem ræðir um í þessari grein, má þvinga hann til þess með dagsektum, alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í brjefi til viðtakanda.

7. gr.

Farmskrá yfir allan farm skips skal frá hverju landi vera samin í tveimur samhljóða samritum, og auk þess samhljóða útdrættir úr farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hverja einstaka höfn. Svo skal á farmskránni tilgreina þyngd á öllum vörutegundum og hverri um sig, nema trjávið, trjegluggum, hurðum, tunnustöfum og húsalistum, sem tilfært skal á farmskránni eftir tölu teningsfeta. Annað eintakið af aðalfarmskránni afhendist lögreglustjóra á þeirri höfn, þar sem skipið fyrst hafnar sig. Lögreglustjóri skal síðan senda stjórnarráðinu samritið af aðalfarmskránni með fyrstu ferð, en útdrættina úr aðalfarmskránni skal afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans á hverri höfn,

andet Skib til en anden indenlandsk Havn, og for saa vidt angaar Spekulanthandlere, hvor Skibet efter den gældende Lovgivning først skal fremvise sine Papirer. Den erlægges kontant eller ved Anvisning, betalbar ved Sigt, enten paa en Bank eller et andet Pengeinstitut eller paa et paalideligt Handelshus, for saa vidt der foreligger tilstrækkelige Bevisligheder, som af Oppebørselsbetjenten paa eget Ansvar tages for gode, for at Anvisningen vil blive betalt. Til Grund for Varetoldens Beregning lægges Skibets Manifest eller Konnossementer.



§ 4.

Ilandbringelsen af de afgiftspligtige Varer maa ikke begynde, førend Skibsføreren eller Ekspeditøren har afleveret til Politimesteren alle de Dokumenter, der vedrøre Skibets Ladning, i Forbindelse med en af Skibsføreren paa Tro og Love afgivet skriftlig Forsikring om, at der i Skibet ikke findes andre eller flere til det Sted bestemte afgiftspligtige Varer end de paa Manifestet opførte, samt hvad der efter hans samtidige Forklaring er bestemt til selve Skibet eller til Mandskabs og Passagerers eget Forbrug paa Skibet. Begynder Udlosningen, førend Bestemmelserne i nærværende Paragraf ere fyldestgjorte, ifalder Skibsføreren en Bøde paa indtil 1,000 Kr.

§ 5.

Uden Oppebørselsbetjentens Samtykke maa afgiftspligtige Varer ikke udleveres til Modtageren, førend Afgiften er betalt. For Overtrædelse heraf straffes Skibsføreren eller Ekspeditøren, hvis en saadan findes paa Stedet, med Bøder indtil 200 Kr. Ere Varerne blevne udleverede til Modtageren uden Oppebørselsbetjentens Samtykke, eller førend han har erholdt Oppebørselsbetjentens Kvittering for Afgiftens Berigtigelse, er Modtageren pligtig ufortøvet og senest inden 3 Dage, efter at Varerne ere komne ham i Hænde, at gøre Anmeldelse herom til Politimesteren og samtidig at berigtige Afgiften, hvis dette ikke allerede er sket. Varetolden er forfalden til Betaling, saa snart det Skib, hvormed Varerne indføres, har kastet Anker paa den Havn, hvor Afgiften skal erlægges.

§ 6.

Politimesteren kan til enhver Tid afkræve en hvilken som helst Person i hans Jurisdiktion, om hvem der er Grund til at formode, at han faar afgiftspligtige Varer indførte, en paa Tro og Love afgiven skriftlig Forsikring om, hvorvidt han har modtaget saadanne Varer, og i bekræftende Fald hvilke og hvor stort et Kvantum.

Undslaar nogen sig for at afgive de i nærværende Paragraf omhandlede Forsikringer, kan han tvinges dertil ved Dagmulkter indtil 20 Kr. pr. Dag, der kunne dikteres af Politimesteren i en Skrivelse til Modtageren.

§ 7.

Skibets Manifest over dets hele Ladning fra hvert Land udfærdiges i to ligelydende Eksemplarer, men desuden skal der forefindes nøjagtige Uddrag af Manifest over de til de enkelte Havne bestemte Varer. Paa Manifestet skal der opgives Vægten for de opførte Varesorter baade for hver enkelt og alle tilsammen, undtagen for Trælast, Vinduer af Træ, Døre, Tøndestave og Beklædningslister, der opgives paa Manifestet i Kubikfod. Det ene Eksemplar af Manifestet afleveres til Politimesteren paa den Havn, hvor Skibet først kaster Anker. Politimesteren indsender det derefter ved første Lejlighed til Ministeriet, men Uddragene af Manifestet, der afleveres til Politimesteren eller

Nr. 30. 22. október. þar sem vörurnar samkvæmt þeim eiga að affermast, og skulu þeir síðan fylgja tollreikningunum frá hverjum innheimtumanni.

Sje ógreinilega sagt frá um gjaldskyldar vörur í farmskránni, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða ef ástæða þykir til að rengja, að rjett sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, skal greiða úr landssjóði, ef skýrslurnar reynast rjettar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaðurinn á skipstjóra eða, ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

Það varðar skipstjóra sektum alt að 1000 kr., ef farmskrár fylgja eigi skipi, samdar eins og hjer er mælt fyrir, eða ef vanrækt er að afhenda þær lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

8. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt, eða veitt móttöku, eða gefið ranga skýrslu þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 5. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 kr. og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sjerstakt tillit til þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að ætla, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

9. gr.

Hinar aðfluttu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum, og hefir eigandi eigi rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrjetturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Sjeu ekki skil gerð samkv. 5. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir vörutolli og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

10. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýtst eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverjum hætti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin telji meira en viðtakandi fær.

Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiða fyrir fram af uppboðsandvirðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, gengur uppboðsandvirðið alt í landssjóð, að kostnaði frádregnum.

11. gr.

Nú er gjaldskyld vara, er vörutollur hefir verið greiddur af, flutt úr landinu aftur, og getur útflytjandi þá fengið hjá lögreglustjóra skírteini þar að lútandi. Ef hann síðan skilar því skírteini aftur, með áritun útlendrar tollstjórnar um það, að vara sú, sem ræðir

hans Fuldmægtig paa hver enkelt Havn, hvor Varerne ifølge dem skal losses, følger som Bilag med Toldregnskaberne fra de enkelte Oppebørselsbetjente. Nr. 30. 22. Oktober.

Ere de i Manifestet indeholdte Opgivelser vedrørende toldpligtige Varer utilstrækkelige, eller ere de dem vedrørende Angivelser ufyldestgørende, eller er der Grund til at betvivle deres Rigtighed, kan Politimesteren eller hans Fuldmægtig lade Ladningen undersøge og føre det fornødne Tilsyn med Skibets Udlosning. De herved foranledigede Udgifter udredes, hvis Angivelserne findes at være nøjagtige, af Landskassen, men hvis de findes unøjagtige, af Skibsføreren eller i fornødent Fald af Varernes Modtagere.

Hvis et Skib mangler Manifester udfærdigede paa den her foreskrevne Maade eller hvis det forsømmes at aflevere dem til Politimesteren eller hans Fuldmægtige, ifalder Skibsføreren en Bøde paa indtil 1,000 Kr.

§ 8.

Findes nogen at have gjort urigtig Angivelse eller at have afgivet urigtig Forsikring med Hensyn til afgiftspligtige af ham indførte eller modtagne Varer, eller forsømt inden den i § 5 fastsatte Frist at anmelde for Politimesteren afgiftspligtige Varer, som han har indført eller modtaget, straffes han med Bøder paa indtil 1,000 Kr. og bøder desuden det Afgiftsbeløb tredobbelt, hvis Erlæggelse han har forsøgt at unddrage sig.

Ved Bødernes Bestemmelse vil der være at tage særligt Hensyn til, om Modtageren har haft Grund til at antage, at Politimesteren af Manifest eller andre lignende Bevisligheder havde faaet Kundskab om den omhandlede Vare.

§ 9.

Saavel for Afgiftens som for Bødernes Erlæggelse hæfte de indførte, afgiftspligtige Varer, og er Ejeren af dem uberettiget til at raade over dem, før de omhandlede Beløb ere betalte. Sikkerhedsretten bevares uforandret, selv om Varerne ere blevne udleverede til Modtageren. Saafremt Afgiften ikke berigtiges overensstemmende med § 5, er Politimesteren berettiget til at realisere Varerne uden forudgaaet Udpantning eller Udlæg til Dækning af Told og Bøder. Realisationen bør foregaa ved en med en Uges Varsel bekendtgjort Auktion, hvor Politimesteren kan forlange Betaling ved Hammerslaget. Kan der ikke faas fat paa den Vare, hvoraf Afgiften skulde svares, kan der uden forudgaaet Forkyndelse gøres Udpantning for Told og Bøder i Modtagerens andre Ejendele, og det udpantede realiseres paa den foran med Hensyn til de afgiftspligtige Varer anførte Maade.

§ 10.

Naar det maatte vise sig, at noget af de afgiftspligtige Varer, som agtes indførte til Island, er ødelagt eller forringet, eller Varerne paa en eller anden Maade ere gaaede tabt paa Vejen eller ved Udlosningen, udredes ingen Afgift af det saaledes spildte, saafremt Ejeren eller hans Befuldmægtigede med Politimesterens eller dennes Befuldmægtigedes Attest beviser, at der paa Manifestet er opført mere end Adressaten modtager.

Naar havarerede afgiftspligtige Varer sælges ved Auktion, betales Afgiften forlods af Auktionsbeløbet, men erholdes ikke saa højt Bud, som Tolden beløber, betales i Told Auktionsbeløbet med Fradrag af Omkostninger.

§ 11.

Naar en afgiftspligtig Vare, hvoraf Indførselsafgift er bleven betalt, igen udføres fra Landet, kan Eksportøren erholde en Attest desangaaende hos vedkommende Politimester. Hvis han senere tilbageleverer Attesten, forsynet med en Paategning fra en

Nr. 30. 22. október. um í skírteininu, sje þangað innflutt, þá skal endurgreiða honum tollinn að frádregnum innheimtulaunum.

12. gr.

Með mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Sektir allar eftir 4. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 6., 7. og 8. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

14. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr. svo og af sektum, fær lögreglustjóri 3 af hundraði í innheimtulaun.

15. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. í lögum nr. 16, 9. júlí 1909 um hagfræðisskýrslur úr gildi numin.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 22. október 1912.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

udenlandsk Toldbestyrelse om, at den i Attesten omhandlede Vare er indført dertil, kan han faa den erlagte Varetold tilbagebetalt efter Fradrag af Oppebørselsgebyret. Nr. 30. 22. Oktober.

§ 12.

Sager i Anledning af Overtrædelser af nærværende Lov behandles som offentlige Politisager.

§ 13.

Alle Bøder efter §§ 4 og 5 tilfalde Landskassen. Det samme gælder om Bøder efter §§ 6, 7 og 8, medmindre nogen ved sin Anmeldelse har givet Anledning til Opdagelsen af den begaaede Toldsvig, i hvilket Fald den ene Halvdel tilfalder ham.

§ 14.

For Oppebørselen af Afgifter og Bøder efter denne Lov aflægger Politimesteren Regnskab i Overensstemmelse med de Regler, som nu gælde eller senere maatte blive fastsatte for Aflæggelsen af Regnskab for offentlige Oppebørseler.

Af Afgiften af de i § 1 anførte Varer saavel som af Bøder erholder Politimesteren 3 pCt. som Oppebørselsgebyr.

§ 15.

Ved nærværende Lov ophæves § 2 i Lov Nr. 16 af 9. Juli 1909 om statistiske Tabeller.

§ 16.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1913 og gælder til Udgangen af Aaret 1915.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22. Oktober 1912.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 22. Oktober 1912.**

***H. Hafstein.***

*Jon Krabbe.*